

REGLUR

um birtingu upplýsinga um varfærnisröfur samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um birtingu Fjármálaeftirlitsins á upplýsingum um varfærnisröfur samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

2. gr.

Birting upplýsinga.

Um birtingu Fjármálaeftirlitsins á upplýsingum skv. 107. gr. i laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, fer eftir reglugerð (ESB) nr. 650/2014, með síðari breytingum, sbr. 3. gr.

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 650/2014 frá 4. júní 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið, uppbyggingu, innihaldslista og árlega birtingardagsetningu upplýsinganna sem lögbær yfirvöld skulu birta í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 65, með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðuninni.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/912 frá 28. maí 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 650/2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið, uppbyggingu, innihaldslista og árlega birtingardagsetningu upplýsinganna sem lögbær yfirvöld skulu birta í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2020 frá 7. febrúar 2020.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 650/2014 og 2019/912 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union):

1. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32014R0650>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 185, þann 25. júní 2014, bls. 1-50,
2. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32019R0912>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 146, þann 5. júní 2019, bls. 3-56.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með heimild í 18. tölul. 1. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og öðlast þegar gildi.

Seðlabanka Íslands, 13. júlí 2022.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júnísdóttir
framkvæmdastjóri.